



Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á hátíðarsamkomu á Raufarhöfn
10. september 2001

Heiðruðu Raufarhafnarbúar,
ágætu Þingeyingar og
góðir hátíðargestir

Það var svo sannarlega tilkomumikið að fara um héraðið fyrr í dag, njóta einstæðrar náttúru og fræðast um mannlíf og sögu sem skapað hafa Norður-Þingeyjarsýslu einstæðan sess í aldanna rás.

Hér er að finna undur sköpunarverksins sem heilla alla sem hingað koma og skáldjöfrar hafa mært í merkjum ljóðum. Ásbyrgi og Dettifoss sem við heimsóttum um hádegisbil eru í senn kennileiti sem vísa veginn að margbrotnu landslagi sýslunnar og samnefnarar fyrir þá sérstöðu sem Ísland nýtur í veraldarsafni náttúruminja.

Einar Benediktsson fangaði vel í ljóði sínu um sumarmorgun í Ásbyrgi tilfinninguna sem bærast í brjóstum okkar þegar við horfum á hamraveggina og hugsum til goðsagnarinnar um Óðinn og hest hans sem „syrnti í hóf, svo að sprakk við jörðin, sporaði byrgið í svörðinn“ en fyrr í ljóðinu lýsir Einar Ásbyrgi svo

„Ásbyrgi, prýðin vors prúða lands,
perlan við straumanna festi,
frjótt eins og óðal hins fyrsta manns,
fléttar hér blómin í hamranna krans.
Standbjörgin kveðjunni kasta á gesti –
kringd, eins og járn undan hesti.“

Í rauninni er Einar Benediktsson, hinn mikli skáldjöfur og athafnamaður, eins konar hirðskáld náttúrunnar hér í sýslunni því hann hefur einnig hyllt Dettifoss og Bláskóga í ljóðum sem oft er vísað til þegar þjóðin tjáir tilfinningar sínar gagnvart náttúru landsins:

„Syng Dettifoss. Syng hátt mót himins sól.

Skín, hátign ljóss, á skuggans veldisstól.
Og kný minn huga, gnýr, til ljóða, er lifa,
um leik þess mesta krafts, er fold vor ól.
Lát snerta andann djúpt þinn mikla mátt,
sem megnar klettinn hels af ró að bifa.
Ég veit, ég finn við óms þíns undraslátt
má efla mannleg hjörtu. Slá þú hátt,
fosshjarta. Styrk minn hug og hönd að skrifa.

Hér finnst, hér skilst, hve Íslands auðn er stór.
Hve ómur brims, er rís þess fljótasjór!
Þig, konung vorra stoltu, sterku fossa,
ég stilla heyri forsöng í þeim kór."

„Fagnandi vordýrð við Bláskógafjallsins brjóst,
sem bergmálar mér í hjarta, liðin og fjarri!
Draumlandið mitt í norðri, svo næturljóst,
með niðandi heiðablæinn í stráum og kjarri!"

Töfrar náttúrunnar hér nyrðra vöktu Einar Benidiktsson til umhugsunnar um örlög Íslands og framtíð og enn má hingað sækja efnivið í hugleiðingar um hvernig við Íslendingar ávöxtum best það pund sem einstæðir landkostir færa okkur, gætum að þeim auði sem finna má í öræfunum sjálfum og tryggjum að óbornar kynslóðir geti notið þeirra gæða sem landið býr yfir.

Landrýmið, auðnin, víðaátta hrauns og sanda, heiðar og dalir, útsýnið til allra átta, fjallahringur og haf við sjónarrönd, öræfin áleiðis til jökla, ár og fossar, gljúfur og kjarrskógar – allur hinn mikli margbreytileiki íslenskrar náttúru sem þið eigið í svo ríku mæli hér í sýslunni er einstök auðlind á tímum þegar þúsundir leggja á sig langa ferð víða að úr veröldinni til þess að geta notið góðra stunda í kyrrðinni og víðáttunni, til að finna samhljóminn með náttúrunni og næra þannig sál sína, skynja hér um slóðir þann innri frið sem gerir alla að betri mönnum.

Fyrir okkur sem erum alin upp í daglegu návígi við náttúru landsins, þekkjum vel taktinn í árstíðunum og ótal sögur um fólkið sem bjó hér að sínu öld af öld þá er kannski erfitt að skilja til hlítar hve einstök er sú reynsla sem Ísland veitir þeim sem hingað koma um langan veg, að átta okkur á því að náttúra Íslands, víðaátta og margbreytileiki landslags og útsýnis verða æ verðmætari auðlind eftir því sem tímar líða og mannkyni fjölgar. Það verður sífellt erfiðara að finna slíkar gersemar því mannhafið, tæknin og umsvif í þágu arðsemi og atvinnutækja setja jafnt og þétt annan svip á æ stærri hluta jarðarinnar.

Við höfum að mestu látið skáldunum það eftir að lofsyngja einstaka staði og náttúruperlur og það eru fleiri en Einar Benediktsson sem mært hafa Dettifoss í merkur ljóðum.

„Beint af hengilbergi
byltast geysiföll,
flyksufax með ergi
fossa- hristir –tröll;
hendist hádunandi
hamslaus iðu-feikn.
Undrast þig minn andi,
almættisins teikn!“

orti Matthías Jochumsson og Kristján Jónsson fjallaskáld komst einnig vel að orði:

„Ægilegur og undrafríður
ertu, hið mikla fossaval;
aflammur jafnt þú áfram líður
í eyðilegum hamrasal.
Tímarnir breytast; bölið sára
það brjóstið slær, er fyrr var glatt;
en alltaf söm þín ógnarbára
ofan um veltist gljúfrið bratt.“

Við finnum í ljóðum sem þessum að vitundin um sjálfstæði Íslands er samofin ást okkar og tilfinningu til landsins sjálfs og hollustan við heimaslóðir er nákominn þeim sessi sem einstakir staðir hafa í huga okkar.

Þótt á ýmsu hafi gengið í atvinnulífi og byggðarþróun hér nyrðra á undanförunum árum og á stundum hafi verið á brattann að sækja þá er mikilvægt að missa ekki sjónar af þeim verðmætum sem sýslan geymir og hvernig hægt er að nýta þau til farsældar með nýjum hætti um leið og byggt er á traustum grunni sjósóknar og landbúnaðar sem hér hafa lengi dugað vel.

Raufarhöfn hefur verið merkur útgerðarstaður og íbúarnir sýnt hvernig sækja má fram með auknum krafti þegar aflí brestur í einni tegund, leita þá færís til að auka verðmætin á annan hátt. Vissulega voru síldarárin gósentími og umsvifin þá í æðra veldi, fólkið streymdi að á annatíma og tekjurnar meiri en á öðrum stöðum. Við horfum stundum aftur til þessa skeiðs með söknuði og eftirsjá og kannski var of lengi beðið þess að síldin léti sjá sig aftur, að hafið yrði á ný litað sem silfur.

Byggðarlögin sem blómstrað höfðu á þessum tíma urðu vissulega fyrir þungu höggi þegar aflinn brást en lærdómurinn sem fylgdi þessum reynsluárum var þó einkum í því fólgin að fólkið náði með samstöðu og ríkum vilja að rétta við hina erfiðu stöðu, að hollustan við heimabyggð

reyndist vel á þrautartímum, samheldnin varð aflið sem dugði til nýrra verka.

Við sjáum því í sögu Raufarhafnar samsvörun með þeim eiginleikum sem best hafa dugað Íslendingum í aldanna rás, að samstaðan og trúin á getu fólksins og gæðin sem haf og land hafa jafnan boðið eru til langframa undirstöður sem úrslitum ráða um farsæld byggða.

Framleiðsla á matvöru í gæðaflokki hefur verið grundvöllur atvinnulífsins hér um slóðir líkt og í mörgum öðrum héruðum Íslands og verður svo vonandi áfram um ókomna tíð.

Ég segi vonandi vegna þess að úrvalsfiskur og gæðakjöt, afurðir náttúrunnar aldar í sjó eða á fjöllum uppi, óspilltar af þeim efnablöndum sem víða um heim er bætt í matinn – slíkar afurðir verða æ eftirsóknarverðari víða um veröld, jafnt á veisluborðum sem í matseld fjölskyldunnar. Sé trygging veitt að um hreina náttúruafurð sé að ræða er verðið hærra og heldur áfram að hækka jafnt og þétt með hverju ári.

Sjávarútvegurinn mun um langa framtíð verða undirstaða í efnahag og farsæld Íslendinga og því áriðandi að hlúa vel að þeim byggðarlögum sem búa yfir ríkri hæfni á þessu sviði, hafa langa reynslu í því að gera verðmæta afurð úr aflanum sem að landi berst og kunna vel að laga sig að breyttum aðstæðum í aflabrogðum og á mörkuðum.

Í umræðunni um nýjar greinar og margvísleg fyrirtæki í iðnaði og hátækni er mikilvægt að muna vel að sjávarútvegur og fiskvinnsla hafa verið og eru enn kjölfestan í gjaldeyrissköpun Íslendinga og eftirspurnin eftir gæðafiski mun vaxa jafnt og þétt á nýrri öld.

Niðurstöður læknávisinda og aukin þekking á heilbrigði og hollustu sýna ótvírætt að aukin neysla sjávarfangs er forvörn gagnvart fjölda sjúkdóma og forsenda fyrir góðri heilsu og vellíðan.

Frásagnir um sýkingar í nautgripum í mörgum löndum hafa einnig orðið til þess að beina æ fleirum að neyslu fiskjar; og reyndar líka gert eftirsóknarvert að neyta gæðakjöts frá löndum þar sem byggt er á fullri varúð og náttúran sjálf ræður för líkt og verið hefur um nautgripi og sauðfé á Íslandi. Slíkt gæðakjöt er í æ ríkara mæli viðurkennt sem úrvalsvara og á þessu sumri hefur fjöldi ferðamanna sem hingað kom sérstaklega spurt eftir íslensku kjöti og nýtt sér kærkomið tækifæri til að geta óhræddir notið kjötsins sem hér er boðið, afurðar sem byggir á hreinleika náttúrunnar og vandaðri vinnu þeirra sem landbúnað stunda.

Þessi sérstaða Íslands, mikilvægi sjávarútvegs og landbúnaðar verður tvímælalaust eftir því sem tímar líða æ dýrmætari eiginleiki á

markaðstorgi heimsviðskiptanna – gagnstætt því sem oft er sagt þegar sjálfskipaðir sérfræðingar eru að spá fallandi gengi þessara atvinnugreina.

Á sama tíma og ýmsar tískugreinar hafa átt í erfiðleikum hefur mikilvægi hreins sjávarfangs og sjálfbærs landbúnaðar orðið augljósara og þau lönd sem eru svo lánsöm að búa að slíku munu njóta sterkrar stöðu í framtíðinni.

Við Íslendingar þurfum því að gæta þess að byggðarlög til sjávar og sveita sem eiga ríkar hefðir á þessum sviðum verði á nýrri öld í stakk búin að nýta þá eðalkosti sem felast í hágæða sjávarútvegi og landbúnaði.

Í þessum efnum eru Norður-Þingeyingar í kjörstöðu, bæði bændur og sjósóknarar, sem hafa bæði landkosti og nálægð við fengsæl mið, góða reynslu og ríkulega kunnáttu sem tryggir að varan sem héðan fer er ávallt í fremstu röð þegar metin eru gæðin sjálf.

Í rauninni eru matvæli lík þeim sem hér eru framreidd og byggðir Íslands hafa löngum skilað orðin lúxusvara á mælikvarða heimsins alls. Lofsorðið sem þau hljóta, bæði frá þeim sem finnst íslensk máltíð vera meðal hápunkta í heimsókn hingað og annarra sem leggja mikið á sig til að nálgast gæðavöru – lofsorðið er í raun orðið slíkt að víst er að framleiðslan mun áfram skila okkur miklum auði.

Það eru því öll efni til að vera bjartsýnn á framtíð byggðarlaga sem eiga sitt undir sjósókn og landbúnaði ef við Íslendingar berum gæfu til að skilja til hlítar það verðmætamat sem æ víðar er orðið ráðandi afl, skilja að áfram geta haf og heiðar skilað okkur góðum arði ef byggðarlögin sem byggja á sjósókn og landbúnaði fá að njóta þeirrar kosta sem í þeim felast.

Í heimsókninni fyrr í dag höfum við séð fjölmörg dæmi þess að hér á Raufarhöfn, á Kópaskeri og víðar í Norður-Þingeyjarsýslu er hugurinn bundinn við framtíðina og þið ætlið að nýta til hlítar þau tækifæri sem hér er að finna, horfið bjartsýn til nýrra tíma.

Norður-Þingeyingar eiga sér merka sögu og hér hefur löngum verið staðið vel að verki. Einbeitni og hæfileikar íbúanna, samstaða og ríkur vilji til nýrrar sóknar hafa gert ykkur kleift að sigrast á erfiðleikum sem virtust í fyrstu sem ókleifur hamar.

Ég vona að áfram megi sýslan og þið öll njóta þessara eðalkosta, eiginleika sem fært hafa ykkur jafnt og þétt ný framfaraskeið. Ég þakka ykkur fyrir frábærar móttökur, hlýju og vinarhug og vona að gæfa og farsæld megi ávallt fylgja héraðinu, að Þingeyjarsýsla verði um alla framtíð heimkynni kjarnafólks sem nýtir kosti lands og sjávar sjálfum sér og Íslandi öllu til heilla, varðveitir þá einstæðu náttúru sem hér er að

finna og tryggir að við tileinkum okkur áfram þá lærdóma sem saga
Þingeyinga færir þjóðinni allri.